

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/99/EB

2015/EES/55/40

frá 19. nóvember 2008

um vernd umhverfisins með refsíakvæðum

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-
bandalaganna⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. sáttmálans skal stefna Bandalagsins í umhverfismálum miða að viðtækri vernd.
- 2) Aukning á brotum gegn umhverfinu og afleiðingar þeirra, sem teygja sig í auknum mæli yfir landamæri þeirra ríkja þar sem brotin eru framin, eru áhyggjuefni í Bandalaginu. Slík brot eru ógnun við umhverfið og kalla þar af leiðandi á viðeigandi viðbrögð.
- 3) Reynslan sýnir að núverandi viðurlagakerfi duga ekki til að sjá til þess að lögum um verndun umhverfisins sé fylgt í einu og öllu. Slíka löghlýðni má og skal efla með tiltækum refsiviðurlögum sem sýna fram á félagslega vanþóknun sem er eigindlega séð annars eðlis en þegar um er að ræða stjórnsýsluviðurlög eða bótafyrirkomulag samkvæmt einkarétti.

- 4) Sameiginlegar reglur um refsiverð brot gefa kost á því að nota skilvirkar aðferðir við rannsóknir og aðstoð innan og á milli aðildarríkja.
- 5) Til að umhverfisvernd megi bera árangur er sérstaklega mikil þörf á meira letjandi viðurlögum við athöfnum sem eru skaðlegar fyrir umhverfið og hafa í för með sér, eða eru líklegar til að hafa í för með sér, umtalsverða skaðsemi fyrir andrúmsloftið, m.a. heiðhvolfið, vatn, dýr eða plöntur, þ.m.t. verndun tegunda.
- 6) Ef ekki er gripið til aðgerða, þrátt fyrir lagalega skyldu þar að lútandi, getur það haft sömu áhrif og þegar virkur gerandi á í hlut og þar af leiðandi skulu samsvarandi viðurlög einnig gilda um það.
- 7) Þar af leiðandi skal slíkt framferði teljast refsiverður verknaður í gervöllu Bandalaginu þegar það er drýgt af ásetningi eða af alvarlegu gáleysi.
- 8) Löggjöfin sem tilgreind er í viðaukunum við þessa tilskipun inniheldur ákvæði sem skulu heyra undir refsiréttarákvæði til að tryggj sé að reglurnar um umhverfisvernd séu fyllilega árangursríkar.
- 9) Skyldurnar sem um getur í þessari tilskipun varða einungis þau ákvæði löggjafarinnar, sem er skráð í viðaukunum við þessa tilskipun, sem fela í sér þá skyldu fyrir aðildarríkin að kveða á um bönn, þegar verið er að hrinda þeirri löggjöf í framkvæmd.
- 10) Þessi tilskipun skuldbindur aðildarríki til að kveða á um refsiviðurlög í landslöggjöfum sínum að því er varðar alvarleg brot á ákvæðum laga Bandalagsins um umhverfisvernd. Þessi tilskipun hefur ekki í för með sér skuldbindingar að því er varðar beitingu slíkra viðurlaga eða annarra, tiltækra löggæslukerfa, í hverju tilviki fyrir sig.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 28. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB C 10, 15.1.2008, bls. 47.

(²) Álit Evrópuþingsins frá 21. maí 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 24. október 2008.

- 11) Þessi tilskipun er með fyrirvara um önnur bótaábyrgðarkerfi fyrir umhverfisspjöll samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum.
- 12) Þar eð í þessari tilskipun er kveðið á um lágmarksreglur er aðildarríkjunum frjálst að samþykkja strangari ákvæði, eða viðhalda þeim, að því er varðar skilvirka umhverfisvernd með refsirétti. Slík ákvæði skulu vera í samræmi við sáttmálann.
- 13) Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar til þess að gera henni kleift að meta áhrif hennar.
- 14) Aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja öflugri vernd umhverfisins, og vegna umfangs hennar og áhrifa verður þeim betur náð á vettvangi Bandalagsins og af þeim sökum er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 15) Við samþykkt á allri síðari tíma löggjöf um umhverfismál skal þess getið í henni, þar sem við á, að þessi tilskipun gildi. Breyta skal 3. gr. ef nauðsyn krefur.
- 16) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar á sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- ii. löggjöfina, sem samþykkt er samkvæmt sáttmála Kjamorkubandalags Evrópu og er tilgreind í viðauka B, að því er varðar starfsemi sem fellur undir sáttmála Kjamorkubandalags Evrópu eða
- iii. lög, stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkis eða ákvörðun lögbærs yfirvalds aðildarríkis til framkvæmdar þeirri löggjöf Bandalagsins sem um getur í i. eða ii. lið,
- b) „verndaðar tegundir villtra dýra og plantna“:
- i. að því er varðar f-lið 3. gr. er átt við þær sem skráðar eru í:
- IV. viðauka við tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra⁽³⁾,
 - I. viðauka við tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl um varðveislu villtra fugla⁽⁴⁾ og sem um getur í 2. mgr. 4. gr. hennar,
- ii. að því er varðar g-lið 3. gr. er átt við þær sem skráðar eru í viðauka A eða B við reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau⁽⁵⁾,
- c) „búsvæði á vernduðum stað“: hvers kyns búsvæði tegundar, þar sem svæði hefur verið flokkað sem sérstakt verndarsvæði skv. 1. eða 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 79/409/EBE, eða hvers kyns vistgerð eða búsvæði tegundar á stað sem hefur verið tilnefndur sem sérstakt varðveislusvæði skv. 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 92/43/EBE,
- d) „lögaðili“: sérhver aðili, sem hefur þá stöðu samkvæmt gildandi lögum, að undanteknum ríkjum eða opinberum aðilum sem fara með ríkisvald, ásamt opinberum alþjóðastofnunum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun eru fastsettar ráðstafanir varðandi refsirétt í því skyni að vernda umhverfið með árangursríkari hætti.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ólögmætt“: brýtur í bága við eftirfarandi:

- i. löggjöfina, sem samþykkt er samkvæmt EB-sáttmálanum og er tilgreind í viðauka A, eða

3. gr.

Brot

Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirfarandi framferði teljist refsiverður verknaður þegar það er ólögmætt og drýgt af ásetningi eða a.m.k. af alvarlegu gáleysi:

- a) slepping eða losun tiltekins magns efna eða jónandi geislunar eða það að láta slíkt frá sér í andrúmsloft, jarðveg eða vatn, sem hefur í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur,

⁽³⁾ Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 61, 3.3.1997, bls. 1.

- b) söfnun, flutningur, endurnýting eða förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim er lokað, þ.m.t. starfsemi seljenda eða miðlara (úrgangsstjórnun), sem hefur í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur,
- c) tilflutningur úrgangs, þegar sú aðgerð fellur undir gildissvið 35. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs⁽⁶⁾ og þegar magn hans getur ekki talist óverulegt, hvort sem tilflutningurinn fer fram í einni sendingu eða mörgum sendingum sem virðast tengdar,
- d) rekstur stöðvar þar sem hættuleg starfsemi fer fram eða þar sem hættuleg efni eða efnablöndur eru geymdar eða notaðar og sem hafa í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur utan stöðvarinnar,
- e) framleiðsla, vinnsla, meðhöndlun, notkun, varsla, geymsla, flutningur, innflutningur, útflutningur eða förgun á kjarnakleyfum efnum eða öðrum hættulegum geislavirkum efnum sem hafa í för með sér, eða er líklegt að hafi í för með sér dauðsföll eða alvarleg meiðsl fyrir einstaklinga eða umtalsverða skaðsemi fyrir gæði andrúmslofts, jarðvegar eða vatns, eða fyrir dýr eða plöntur,
- f) aflífun, förgun, varsla eða brotnám lífvera af vernduðum tegundum villtra dýra og plantna, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða óverulegt magn af slíkum lífverum og ef það hefur óveruleg áhrif á varðveislustöðu viðkomandi tegunda,
- g) viðskipti með lífverur af vernduðum tegundum villtra dýra og plantna, hluta þeirra eða afleiddar afurðir úr þeim, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða óverulegt magn af slíkum lífverum og ef það hefur óveruleg áhrif á varðveislustöðu viðkomandi tegunda,
- h) hvers kyns framferði sem orsakar umtalsverða hnignun búsvæðis á vernduðum stað,
- i) framleiðsla, innflutningur, útflutningur, notkun eða setning ósoneyðandi efna á markað.

4. gr.

Áeggjan, aðstoð og hvatning

Aðildarríki skulu sjá til þess að áeggjan, aðstoð og hvatning við vísitandi framferði, af því tagi sem um getur í 3. gr., sé refsiverð sem refsilagabrot.

5. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við brotunum, sem um getur í 3. og 4. gr., séu skilvirk refsiviðurlög sem eru í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

6. gr.

Ábyrgð lögaðila

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að draga megi lögaðila til ábyrgðar vegna brota sem um getur í 3. og 4. gr. þegar hver sá einstaklingur, sem gegnir stjórnunarstöðu innan lögaðilans, hefur framið slík brot í hagnaðarskyni, annaðhvort einn eða sem starfsmaður stofnunar lögaðilans, á grundvelli:

- a) heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,
- b) heimildar til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans eða

c) valds til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

2. Aðildarríki skulu einnig tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar ef skortur á eftirliti eða umsjón af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., hefur gert einstaklingi á vegum lögaðilans kleift að fremja refsiverðan verknað, sem um getur í 3. og 4. gr. í þágu hans.

3. Ábyrgð lögaðila, skv. 1. og 2. mgr., skal ekki útiloka meðferð sakamáls á hendur einstaklingum sem fremja, eru hvatamenn að eða vitorðsmenn í einhverjum þeim brotum sem um getur í 3. og 4. gr.

7. gr.

Viðurlög sem lögaðilar sæta

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögaðilar, sem dregnir eru til ábyrgðar skv. 6. gr. sæti viðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

8. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 26. desember 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til, og töflu sem sýnir samsvörun milli þeirra ákvæða og þessarar tilskipunar.

9. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-P. JOUYET

forseti.

VIÐAUKI A

Skrá yfir lög Bandalagsins, sem hafa verið samþykkt samkvæmt stofnsáttmála Evrópubandalaganna, en brot á þeim telst vera ólögmaett athæfi skv. i. lið a-liðar 2. gr. þessarar tilskipunar

- Tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽⁷⁾.
- Tilskipun ráðsins 72/306/EBE frá 2. ágúst 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum ⁽⁸⁾.
- Tilskipun 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs ⁽⁹⁾.
- Tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði vatna til baða⁽¹⁰⁾.
- Tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna⁽¹¹⁾.
- Tilskipun ráðsins 77/537/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽¹²⁾.
- Tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá titandíoxíðiðnaði⁽¹³⁾.
- Tilskipun ráðsins 79/117/EBE frá 21. desember 1978 um bann við sölu og notkun plöntuvarnarefna sem innihalda tiltekin virk efni⁽¹⁴⁾.
- Tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um varðveislu villtra fugla⁽¹⁵⁾.
- Tilskipun ráðsins 82/176/EBE frá 22. mars 1982 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkálí-klóríða⁽¹⁶⁾.
- Tilskipun ráðsins 83/513/EBE frá 26. september 1983 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum⁽¹⁷⁾.
- Tilskipun ráðsins 84/156/EBE frá 8. mars 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkálí-klóríða⁽¹⁸⁾.
- Tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum⁽¹⁹⁾.
- Tilskipun ráðsins 84/491/EBE frá 9. október 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexa-klórsýklóhexani⁽²⁰⁾.

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjttíð. EB L 190, 20.8.1972, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjttíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 23.

⁽¹⁰⁾ Stjttíð. EB L 31, 5.2.1976, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjttíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

⁽¹²⁾ Stjttíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 38.

⁽¹³⁾ Stjttíð. EB L 54, 25.2.1978, bls. 19.

⁽¹⁴⁾ Stjttíð. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36.

⁽¹⁵⁾ Stjttíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1.

⁽¹⁶⁾ Stjttíð. EB L 81, 27.3.1982, bls. 29.

⁽¹⁷⁾ Stjttíð. EB L 291, 24.10.1983, bls. 1.

⁽¹⁸⁾ Stjttíð. EB L 74, 17.3.1984, bls. 49.

⁽¹⁹⁾ Stjttíð. EB L 188, 16.7.1984, bls. 20.

⁽²⁰⁾ Stjttíð. EB L 274, 17.10.1984, bls. 11.

- Tilskipun ráðsins 85/203/EBE frá 7. mars 1985 um loftgæðastaðla fyrir köfnunarefnisdíoxíð⁽²¹⁾.
- Tilskipun ráðsins nr. 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði⁽²²⁾.
- Tilskipun ráðsins 86/280/EBE frá 12. júní 1986 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE⁽²³⁾.
- Tilskipun ráðsins 87/217/EBE frá 19. mars 1987 um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu⁽²⁴⁾.
- Tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera⁽²⁵⁾.
- Tilskipun ráðsins 91/271/EB frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli⁽²⁶⁾.
- Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽²⁷⁾.
- Tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nítрата úr landbúnaði⁽²⁸⁾.
- Tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽²⁹⁾.
- Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra⁽³⁰⁾.
- Tilskipun ráðsins 92/112/EBE frá 15. desember 1992 um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá titandíoxíðiðnaði⁽³¹⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta: ákvæðin sem var breytt með tilskipun 2003/44/EB⁽³²⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang⁽³³⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB frá 20. desember 1994 um varnir vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva⁽³⁴⁾.
- Tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum færmum með járnbrautum⁽³⁵⁾.

⁽²¹⁾ Stj. tíð. EB L 87, 27.3.1985, bls. 1.

⁽²²⁾ Stj. tíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6.

⁽²³⁾ Stj. tíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 16.

⁽²⁴⁾ Stj. tíð. EB L 85, 28.3.1987, bls. 40.

⁽²⁵⁾ Stj. tíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1.

⁽²⁶⁾ Stj. tíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

⁽²⁷⁾ Stj. tíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽²⁸⁾ Stj. tíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1.

⁽²⁹⁾ Stj. tíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.

⁽³⁰⁾ Stj. tíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

⁽³¹⁾ Stj. tíð. EB L 409, 31.12.1992, bls. 11.

⁽³²⁾ Stj. tíð. ESB L 214, 26.8.2003, bls. 18.

⁽³³⁾ Stj. tíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

⁽³⁴⁾ Stj. tíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 24.

⁽³⁵⁾ Stj. tíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

- Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bifnýla og fjöklóraðra terfenýla (PCB/PCT) ⁽³⁶⁾.
- Tilskipun ráðsins 96/62/EB frá 27. september 1996 um mat og stjórn á gæðum andrúmslofts⁽³⁷⁾.
- Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ⁽³⁸⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða ráðstafanir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ⁽³⁹⁾.
- Reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau⁽⁴⁰⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽⁴¹⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensins og díseilsneytis ⁽⁴²⁾.
- Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns⁽⁴³⁾.
- Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum⁽⁴⁴⁾.
- Tilskipun ráðsins 1999/30/EB frá 22. apríl 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu ⁽⁴⁵⁾.
- Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs⁽⁴⁶⁾.
- Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis ⁽⁴⁷⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki⁽⁴⁸⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum⁽⁴⁹⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB frá 16. nóvember 2000 um viðmiðunarmörk fyrir bensen og kolsýring í andrúmslofti ⁽⁵⁰⁾.

⁽³⁶⁾ Stj. tíð. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31.

⁽³⁷⁾ Stj. tíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

⁽³⁸⁾ Stj. tíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

⁽³⁹⁾ Stj. tíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.

⁽⁴⁰⁾ Stj. tíð. EB L 61, 3.3.1997, bls. 1.

⁽⁴¹⁾ Stj. tíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽⁴²⁾ Stj. tíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

⁽⁴³⁾ Stj. tíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

⁽⁴⁴⁾ Stj. tíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

⁽⁴⁵⁾ Stj. tíð. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41.

⁽⁴⁶⁾ Stj. tíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

⁽⁴⁷⁾ Stj. tíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.

⁽⁴⁸⁾ Stj. tíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

⁽⁴⁹⁾ Stj. tíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

⁽⁵⁰⁾ Stj. tíð. EB L 313, 13.12.2000, bls. 12.

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs⁽⁵¹⁾.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu⁽⁵²⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið⁽⁵³⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið⁽⁵⁴⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB frá 12. febrúar 2002 um óson í andrúmslofti⁽⁵⁵⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði⁽⁵⁶⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang⁽⁵⁷⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB frá 15. desember 2004 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og fjölrhringa, arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti⁽⁵⁸⁾.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni⁽⁵⁹⁾.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni⁽⁶⁰⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki⁽⁶¹⁾.
- Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB frá 14. nóvember 2005 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki og um breytingu á I., II., III., IV. og VI. viðauka við hana⁽⁶²⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða⁽⁶³⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/11/EB frá 15. febrúar 2006 um mengun vegna losunar tiltekinna hættulegra efna í vatni í Bandalaginu⁽⁶⁴⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang⁽⁶⁵⁾.

⁽⁵¹⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

⁽⁵²⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

⁽⁵³⁾ Stjtið. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

⁽⁵⁴⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

⁽⁵⁵⁾ Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 14.

⁽⁵⁶⁾ Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

⁽⁵⁷⁾ Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

⁽⁵⁸⁾ Stjtið. ESB L 23, 26.1.2005, bls. 3.

⁽⁵⁹⁾ Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

⁽⁶⁰⁾ Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

⁽⁶¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1.

⁽⁶²⁾ Stjtið. L 313, 29.11.2005, bls. 1.

⁽⁶³⁾ Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 37.

⁽⁶⁴⁾ Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 52.

⁽⁶⁵⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB⁽⁶⁶⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum⁽⁶⁷⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/44/EB frá 6. september 2006 um gæði ferskvatns sem þarf að vernda eða bæta til að fiskur geti þrífist þar⁽⁶⁸⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma⁽⁶⁹⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu⁽⁷⁰⁾.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsa-lofttegundir⁽⁷¹⁾.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs⁽⁷²⁾.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja⁽⁷³⁾.
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 frá 29. nóvember 2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til tiltekinnna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri⁽⁷⁴⁾.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun⁽⁷⁵⁾.

⁽⁶⁶⁾ Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.

⁽⁶⁷⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12.

⁽⁶⁸⁾ Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 20.

⁽⁶⁹⁾ Stjtið. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.

⁽⁷⁰⁾ Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.

⁽⁷¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

⁽⁷²⁾ Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

⁽⁷³⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽⁷⁴⁾ Stjtið. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

⁽⁷⁵⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

*VIÐAUKI B***Skrá yfir lög Bandalagsins, sem hafa verið samþykkt samkvæmt sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, en brot á þeim telst vera ólöglegt athæfi skv. ii. lið a-liðar 2. gr. þessarar tilskipunar**

- Tilskipun ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar⁽⁷⁶⁾.
- Tilskipun ráðsins 2003/122/KBE frá 22. desember 2003 um eftirlit með hávirkum, lokuðum geislalindum og munaðarlausum geislalindum⁽⁷⁷⁾.
- Tilskipun ráðsins 2006/117/KBE frá 20. nóvember 2006 um umsjón og eftirlit með flutningi geislavirks úrgangs og notaðs eldsneytis⁽⁷⁸⁾.

⁽⁷⁶⁾ Stjtið. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.

⁽⁷⁷⁾ Stjtið. ESB L 346, 31.12.2003, bls. 57.

⁽⁷⁸⁾ Stjtið. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 21.